

## **Aðalfundur Búmanna hsf.**

Aðalfundur Búmanna hsf., verður haldinn miðvikudaginn 9. september 2020 og hefst hann kl. 14.00. Húsin opna kl. 13.00 því allir félagsmenn verða að skrá sig inn á fundinn.

Aðalfundurinn verður haldinn á tveimur stöðum í gegnum fjarfundarbúnað. Aðalfundarstaðurinn verður í Gullteig B á Grand Hótel við Sigtún í Reykjavík. Hinn fundarstaðurinn verður á Hótel KEA á Akureyri.

Dagskrá aðalfundarins verður eins og kveðið er á um í samþykktum Búmannasem sjá má á heimasíðu Búmanna undir linknum eldri fréttir.

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár og umræður um hana
3. Framlagning ársreikninga, umræða og afgreiðsla
4. Ákvörðun um hvernig ráðstafa skuli rekstrarafgangi eða bregðast við ef tap verður á rekstri félagsins.
5. Kynning á ákvörðun stjórnar um fjárhæð félagsgjalda, inntökugjalda, þjónustugjalda og annarra gjalda sem ákveðin er af stjórn félagsins samkvæmt samþykktum þess.
6. Ákvörðun gjalds í viðhaldssjóð félagsins
7. Ákvörðun í framlag til varasjóðs félagsins
8. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins
9. Kosning formanns til eins árs
10. Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára
11. Kosning þriggja varamanna í stjórn til eins árs
12. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna
13. Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs og yveggja skoðunarmanna og eins til vara, alla til eins árs
14. Kosning þriggja manna kjörnefndar
15. Önnur mál sem tiltekin eru í fundarboði
16. Önnur mál

Aðalfundurinn er opinn öllum félagsmönnum félagsins og skulu þeir hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðarétt.

**Eftirfarandi tímamörk gilda**

1. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skulu vera skriflegar og berast stjórn félagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.
2. Aðalfund Búmanna hsf., skal boða á heimasíðu félagsins og dagblöðum með minnst 21 dags fyrirvara.
3. Þeir félagsmenn sem vilja gefa kost á sér til stjórnarsetu skulu tilkynna kjörnefnd minnst 14 dögum fyrir aðalfund

Ársreikningur félagsins fyrir rekstrarárið 2019 kom á heimasíðu 15. Júní s.l.

Nánari upplýsingar munu koma fram þegar nær dregur aðalfundi.